



## 39. þing Skotíþróttasambands Íslands.

Þingið er haldið í ÍSÍ, í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, 20. maí 2017.

### Þingsetning.

Guðmundur Kr. Gíslason setur þingið og býður þingfulltrúa velkomna.

### Kosning þriggja manna í kjörbréfanefnd.

- Kosin eru: Arbergur Þorvaldsson, Guðmann Jónasson og Helga Jóhannsdóttir.

### Kosning þingforseta og ritara.

- Þingforseti er kosinn, Halldór Axelsson
- Þingritari er kosinn, Kjartan Friðriksson

### Kosið í fastanefndir þingsins.

- Kosin eru eftirfarandi í nefndir:

#### a. Fjárhagsnefnd:

Guðmundur Kr. Gíslason  
Hákon Þ. Svavarsson  
Bjarni Sigurðsson

#### b. Laganefnd:

Arnbergur Þorvaldsson  
Guðmann Jónasson  
Elías M. Kristjánsson

#### c. Alsherjarnefnd:

Halldór Axelsson  
Jórunn Harðardóttir  
Bára Einarsdóttir

### Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.

Halldór Axelsson, formaður Stí, flytur skýrslu stjórnar.

Ágætu þingfulltrúar !

Undanfarið ár hefur markast af miklum breytingum á Ólympískri skotfimi og ágreiningi um þær tillögur sem ISSF hefur lagt fyrir IOC, sem hugmynd að framtíð skotíþróttu.

Breytingar á tilhögun úrslitakeppni, útlökun á DT, PR60 og FP, sem greinum á Ólympíuleikum og innleiðing parakeppna. Þessar ákvarðanir munu hafa mikil áhrif á okkar starfsemi ef þær ná fram að ganga og kalla á áherslubreytingar í okkar afreksstarfi. Vegna mikillar óánægju aðildarþjóða ISSF um framgang þessara mála, er enn ekki útséð um hvernig þessar breytingar verða og hefur verið boðað til auka-aðalfundar ISSF í júní næstkomandi til að fjalla um þessi mál.

Starfsemi STÍ á síðasta tímabili einkennist af uppbyggingu á okkar innviðum og hafið er ferli í að koma þjáfun skotíþróttafólks í betra horf. Haldið var ISSF D-námskeið í riffli- og skammbyssupjálfun og luku yfir 20 prófi. Árið 2015 héldum við samsvarandi námskeið í haglagreinum og eru nú hátt í 50

einstaklingar með D-réttindi í þjálfun og einnig nokkrir með C-réttindi. Það er okkar markmið að fylgja þessari vinnu eftir og aðstoða félögin við að byggja upp sitt íþróttastarf og vonandi getum við með áhugasömum þjálfurum tekið þátt í ISSF C-námskeiði sem fyrst.

Vonir okkar um að koma keppanda á ÓL í Ríó urðu að engu við ákvörðun IOC að gefa mun fleiri "wild card" á þá leika, en áður. Útilokaði það þáttöku Ásgeirs Sigurgeirssonar á leiknum, en hann hafði náð mun betri árangri en fyrir leikana í London, þar sem að hann var keppandi. Allur undirbúningur í Ólympíuferlinu skilaði samt sem áður mikilli reynslu inn í afreksstarfið og mun gera okkur kleift að vinna með markvissari hætti í framtíðinni.

Íþróttalegur árangur var með ágætum á síðastliðnu ári, fjölmörg Íslandsmet voru slegin og framfarir í flestum greinum. Ber þó hæst árangur Ásgeirs Sigurgeirssonar á Evrópumeistaramótinu í loftgreinum, þar sem að hann keppti í úrslitum og endaði í sjöunda sæti.

Á þessu ári eru erlendar keppnisferðir í lágmarki, sem er eðlilegt að loknum ÓL. Munum við þó taka þátt í Evrópu og Heimsmeistaramótum. Við höfum lagt til hliðar fjármagn til að geta sem best farið inn í næstu Ólympíuöðu, sem hefst með þáttöku á heimsmeistaramótinu í Kóreu 2018 og vonumst við til að sem flest af okkar besta fólki nái lágmarkum fyrir þá keppni.

Nú eru framundan Smáþjóðaleikar í San Marino. Við sendum fullt lið í Loftskammybyssu og Skeet og einn keppenda í Loftrifflí kvenna. Fyrir þessa leika settum við það lágmark að allir keppendur hefðu náð MQS árangri á undangengnu tímabili. Fleiri náðu þeim árangri en við getum sent til keppni og var því baráttu um keppnissætin. Þessi árangur hefði verið óhugsandi fyrir nokkrum árum og og sýnir framfarir og meiri breidd hjá okkar sterkasta íþróttafólki.

ÍSí hefur á undanförunum árum lagt mikla vinnu í að fá meira fjármagn til afreksmála. Merkur áfangi náðist á síðasta ári þegar að samningar tókust við ríkið um stóraukið fjármagn í þennan málaflökk.

Mun þetta fjármagn vonandi skila sér til Skotíþróttar, sem og til annarra afreksíþróttar, og aðstoða okkur við að ná enn betri árangri í framtíðinni. ÍSí hefur einnig aukið sínar kröfur til Sér sambandanna, sem snýr að rekstri og skýrsluskilum, sérstaklega þeirra sambanda sem hafa afreksstarf að markmiði. Þetta þýðir að enn meiri tími fer nú í skrifstofustörf en áður og munum við einnig þurfa að leita meira til okkar fagfólks erlendis til að byggja okkar íþróttar- og afreksstarf svo að það verði með sem besta móti.

Ég vil að lokum þakka þingfulltrúum fyrir samstarfið á liðnu ári og vona að skotfélögin og Skotíþróttasambandið vinni enn þéttar saman í framtíðinni skotíþróttum til góða.

F.h. Stjórnar Skotíþróttasambands Íslands  
Halldór Axelsson

### **Gjaldkeri leggur endurskoðaða reikninga fram til samþykktar.**

Guðmundur Kr. Gíslason, gjaldkeri, leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins. Fram kemur í skýringum gjaldkera, að tekjur sambandsins hafa aukist um 4.8 mill. á sl. tímabili, og að sambandið stendur vel fyrir næsta tímabil fjárhagslega.

- Reikningarnir eru samþykktir samhljóða.

**Stjórn leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár. (skjal # 1)**

GJÖLD:	<u>Krónur</u>
Þjálfun, kennsla, námskeið	1.500.000
Skrifstofukostnaður	3.500.000
Þátttaka í erlendum mótum	5.500.000
Annað ófyrirséð	1.000.000
<b>TEKJUR:</b>	<b>11.500.000</b>
Lottó	3.600.000
Útbreiðslustyrkur	2.000.000
Ríkisstyrkur skrifstofu	3.000.000
Afrekssjóður ÍSÍ - Ásgeir Sigurgeirsson	1.500.000
Afrekssjóður ÍSÍ - Fagteymi v. Ásgeir	150.000
Afrekssjóður ÍSÍ - Landsliðsverkefni	2.000.000
Afrekssjóður ÍSÍ - Fagteymi/fræðsla afrekshópa	200.000
Ólympíusamhjálp v. Ásgeir Sigurgeirsson	0
Aðrar tekjur	1.000.000
	<b>13.450.000</b>
<b>TEKJUAFGANGUR</b>	<b>1.950.000</b>

- Tillögunni er vísað í fjárhagsnefnd.

**Lagðar fram lagabreytingar sem fram hafa komið.**

Stjórn Stí leggur fram tvær tillögur að lagabreytingum.

**Tillaga um breytingu á 3. grein. (skjal # 2).**

**Var:**

**3. grein**

STÍ er aðili að Alþjóða skotíþróttasambandinu ISSF, Evrópuskotsambandinu ESC, Alþjóðasambandi BR50 WRABF og Skotsambandi Norðurlanda NSR. STÍ sækir um aðild að öðrum alþjóðasamböndum samkvæmt ákvörðun Skotíþróttáþings.

**Verður:**

**3. grein**

STÍ er aðili að Alþjóða skotíþróttasambandinu ISSF, Evrópuskotsambandinu ESC, Alþjóðasambandi BR50 WRABF, **Alþjóðasambandinu FITASC** og Skotsambandi Norðurlanda NSR. STÍ sækir um aðild að öðrum alþjóðasamböndum samkvæmt ákvörðun Skotíþróttáþings.

**Tillaga að breytingu á 11. grein. (skjal # 3).**

**Var:**

**11. grein**

Stjórn STÍ skipa 5 menn, formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi auk tveggja varamanna.

Formaður er kosinn til eins árs.. Aðrir stjórnarmenn eru kosnir til tveggja ára og skulu aðeins kosnir tveir stjórnarmenn og einn varamaður í senn enda eigi þá tveir stjórnarmenn og einn varamaður eftir ár af sínu kjörtímabili.

## **Verður:**

### **11. grein**

Stjórn STÍ skipa 5 menn, formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi auk tveggja varamanna.

Formaður er kosinn til **tveggja ára**. Aðrir stjórnarmenn eru kosnir til tveggja ára og skulu aðeins kosnir tveir stjórnarmenn og einn varamaður í senn enda eigi þá tveir stjórnarmenn og einn varamaður eftir ár af sínu kjörtímabili.

#### **Greinargerð:**

Stjórnarmenn hafa verið kosnir til tveggja ára en formaður aðeins til eins árs. Eðlilegt þykir að allir stjórnarmenn fái hið minnsta tvö ár til að kynna sér þau verkefni sem felast í stjórnarsetu og er því lagt til að formaður falli þar undir eins og aðrir stjórnarmenn.

- Tillögunum er vísað í laganefnd.

#### **Teknar til umræðu tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar.**

Dagný H. Hinriksdóttir, SR, leggur fram tillögu til stjórnar Stí um breytingar á mótahaldi.

Tillaga til stjórnar Skotíþróttasambands Íslands.

Tillagan felur í sér að fella inn í reglugerð ákvörðun á keppnisdögum í haglabyssu (Skeet).

Lagt er til að Stí stytti tímabil landsmóta í Skeet, þannig að fyrsta mót í haglabyssugreinum verði í fyrsta lagi 15. maí ár hvert og að mót verði ekki haldin á Norðurlandi fyrr en í fyrsta lagi 15. júní ár hvert.

Gert er ráð fyrir því með tillögunni, að Stí-mót verði haldin á þeim tíma árs, sem bætir mætingar, með tilliti til veðráttu Íslands.

Þá er gert ráð fyrir því að skotfélög, sem vilja halda Open-mót, raði keppnisdögum inn á mótaskrá, með tilliti til Stí-móta.

Einnig er lagt til að fella niður Bikarmót, eins og kom fram í tillögu á s.l. formannafundi STÍ. Lagt er til að sérhvert Open-mót og Landsmót muni telja til bikarmeistara, með því fyrirkomulagi að fjögur bestu skor hvers skotmanns telji til bikarmeistara, en stigakerfið verði lagt niður í því formi sem það er í dag og ekki verði haldin sér Bikarmót, því heildar stigafjöldi til Bikarmeistara, gildir eftir lok keppnistímabils.

Lagt er til að stjórn Stí, í samráði við mótanefnd, verði falið að hrinda tillögum þessum í framkvæmd.

Dagný H. Hinriksdóttir

- **Tillögunni er vísað til stjórnar og formannafundar Stí.**

#### **Gestur Skotíþróttapings 2017.**

Hafsteinn Pálsson, ritari framkvæmdastjórnar ÍSÍ, tekur til máls.

Hann færir skotþingi kveðjur framkvæmdastjórnar ÍSÍ. Þá fer hann yfir breytingar sem gerðar hafa verið í framkvæmdastjórn. Þar eru helstu breytingarnar að nú hefur lögum ÍSÍ verið breytt þannig, að kosið er í stjórn til eins og tveggja ára, til að tryggja að ekki geti allir stjórnarmenn hætt samtímis. Hafsteinn fer yfir ýmis mál er varða tekjur íþróttahreyfingarinnar, og erfiðleikana við tekjuöflun. Hann hvetur þingheim að muna eftir getraunum og lottó, sem eiga í samkeppni við allskonar ólöglega spilamennsku. Að lokum hvetur hann til samstöðu innan íþróttahreyfingarinnar og óskar Stí velfarnaðar í framtíðinn.

#### **Þinghlé og nefndir taka til starfa.**

## **Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðsla um þær.**

### **Fjárhagsnefnd:**

- Tillaga, skjal # 1, er samþykkt samhljóða.

### **Laganefnd:**

- Tillaga, skjal # 2, er samþykkt samhljóða.
- Tillaga, skjal # 3, er samþykkt samhljóða.

### **Ákvörðun á keppnisgjaldi og félagaskiptagjaldi Stí.**

Tillaga frá stjórn STÍ um óbreytt gjöld frá fyrra ári og jafnframt eru aðildarfélögin hvött til að fella niður keppnisgjöld unglinga.

Tillaga stjórnar Stí:

Keppnisgjald kr. 2,000 fyrir hvern keppanda á STÍ móti

Félagaskiptagjald kr. 6,000

- Tillagan er samþykkt samhljóða.

### **Kosning formanns, tveggja manna í stjórn og eins til vara.**

- Sjálfkjörið er í stjórn Stí að þessu sinni.

Tekið er fram að nú hafi lagabreytingar verið samþykktar um kjör formanns úr einu ári í senn, í tvö ár. Því er formaðurinn kjörinn til tveggja ára á þessu þingi.

#### **Í framboði til formanns til 2ja ára:**

Halldór Axelsson, SR

#### **Í framboði til aðalstjórnar til 2ja ára:**

Ómar Örn Jónsson, SA

Kjartan Friðriksson, SR

#### **Í framboði til varastjórnar til 2ja ára:**

Helga Jóhannsdóttir, SÍH

#### **Áfram sitja í 1 ár:**

Guðmundur Kr. Gíslason, SR, í aðalstjórn

Jórunn Harðardóttir, SR, í aðalstjórn

Ómar Jónsson, SKV, í varastjórn

Tilkynning um framboð ofangreindra barst stjórn STÍ innan tilskilins frests.

Tillaga stjórnar um eftirtalda nefndarmenn:

#### **Skoðunarmenn reikninga:**

Sigfús Tryggvi Blumenstein, SR

Jónas Hafsteinsson, SFK

*Varamenn:*

Hermann Kristjánsson, SR

Jónas Andrésson, SK

- Tilagan er samþykkt samhljóða.

**Mótanefnd:**

Örn Valdimarsson, SR  
Jóhann A. Kristjánsson, SFK  
Hákon Þ. Svavarsson, SFS  
*Varamenn:*  
Finnur Steingrímsson, SA  
Jórunn Harðardóttir, SR  
Kári Grétarsson, SÍH

- Tilagan er samykkt samhljóða.

**Dómaranefnd:**

Kristinn Rafnsson, SÍH  
Steinar Einarsson, SFK  
Halldór Axelsson, SR  
*Varamenn:*  
Áki H. Garðarsson, SA  
Sigurgeir Arnþórsson, SR  
Ívar Erlendsson, SÍH

- Tilagan er samykkt samhljóða.

**Aganefnd:**

Jón S. Ólason, SKA  
Jóhann Norðfjörð, SFS  
Halldór Axelsson, SR  
*Varamenn:*  
Arnbergur Þorvaldsson, SR  
Bjarni Sigurðsson, SK  
Sigurður Á. Sigurðsson, SA

- Tilagan er samykkt samhljóða.

**Ritnefnd:**

Guðmundur Kr. Gíslason, SR  
Guðmann Jónasson, MAV  
Kjartan Friðriksson, SR  
*Varamenn:*  
Bára Einarsdóttir, SFK  
Bragi Þ. Jónsson, SR  
Ómar Ö. Jónsson, SA

- Tillagan er samykkt samhljóða.

**Kosning fulltrúa á ÍSÍ-þing.**

Ekkert ÍSÍ-þing er haldið á næsta ári og fellur því kosning fulltrúa STÍ niður að þessu sinni.

**Önnur mál.**

Halldór Axelsson, formaður STÍ, fer yfir ýmis mál skothreyfingarinnar.

Ýmsar breytingar hafa orðið á þeim greinum sem keppt er í hjá ISSF eins og fram kom í skýrslu stjórnar. Þar kemur fram að líklega munu styrkir til skothreyfingarinnar breytast, þ.e. ef keppnisgreinum fækkar á stórmótum.

Halldór fer yfir starfið framundan, t.d. fundi hjá ISSF á næstunni, mótahald á erlendri grund osfrv. Hann tekur fram að ekki verða breytingar hér heima strax, þó svo að einhverjar keppnisgreinar verði felldar niður á stórmótum hjá ISSF. Halldór tekur fram að breytingar gætu orðið á stjórn ISSF, eftir næstu kosningar.

## **Þingforseti leyfir umræður úr sal.**

Rætt er um þjálfaramál, þýðingar á erlendum bókum um þjálfun og regluverk. Rætt er um réttindi þjálfara og leiðir til að auka þekkingu þjálfara á innlendum vettvangi.

Farið er yfir unglíngastarfið í skotíþróttum og möguleika á að efla það innan félagana.

Fram kemur að vopnalögin eru hamlandi unglíngastarfinu.

Rætt er um aðstoð STÍ og ÍSÍ, til félaga sem vantar aðstöðu. Fram kemur að mörg íþróttafélög í landinu eru í sama vanda og skotfélögin, það vantar fjármagn osfrv. En ítrekað er við forsvarsmenn félaganna, að þeir eigi að senda inn erindi til STÍ um aðstoð við að sækja á um aðstöðu til skotíþróttaiðkunar.

Þá kemur fram að það þurfi að skilgreina hlutverk nefnda STÍ, m.a. að nefndirnar komi sjálfar saman ásamt varamönnum og ráði ráðum sínum og komi með tillögur til stjórnar STÍ um úrbætur.

Farið er yfir upplýsingarskyldu STÍ til ÍSÍ og er mikil vinna fólgin í þeim verkefnum. Þar þarf að halda nákvæmlega utan um allan kostnað tengdu afreksstarfi STÍ.

Óskað er eftir því við stjórn STÍ að hún gefi út löglegar keppnisskífur fyrir BR50, þannig að öll félögin á landinu geti keppt á sömu skotmörkum og að samanburður sé marktækur. Stjórn mun senda öllum þeim félögum sem stunda þá grein pdf-skjal sem inniheldur prenthæft skjal til framleiðslu á skífunum.

Fleiri mál koma ekki fram.

Halldór Axelsson, formaður STÍ, þakkar gott þing og óskar þingheimi velfarnaðar í störfum sínu.

## **Þingi er slitið.**

---

**Kjartan Friðriksson, Ritari.**

---

**Haldór Axelsson, Þingforseti.**